

8. september 2021

STJÓRNENDUR VILJA STÖÐUGRA, HAGKVÆMARA OG SKILVIRKARA STARFSUMHVERFI

Stjórnendur iðnfyrirtækja vilja að stjórnvöld beiti sér fyrir stöðugra, hagkvæmara og skilvirkara starfsumhverfi með markvissum aðgerðum til að styrkja framboðshlið hagkerfisins svo hægt verði að efla verðmætasköpun og fjölga störfum. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja. Úr könnuninni má lesa að stöðugleiki, hagkvæmni og skilvirkni séu hornsteinar góðs samkeppnishæfs starfsumhverfis.

- Tæplega 98% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að stöðugt starfsumhverfi skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Ríflega 94% segja að stöðugt verðlag skipti miklu máli, 92% segja stöðugleiki á vinnumarkaði, 91% segja stöðugt gengi krónunnar og einnig segja 91% stöðugt laga- og reglugerðarumhverfi. Ríflega 98% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að næsta ríkisstjórn eigi að leggja mikla áherslu á stöðugleika í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.
- Í könnuninni kemur fram mikil áhersla á aukna hagkvæmni í starfsumhverfi fyrirtækja. Stjórnendurnir segja að lækkun skatta og gjalda skipti miklu fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. 89% segja það skipta miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að næsta ríkisstjórn lækki tryggingagjaldið. 70% segja að lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði skipti miklu máli, 64% lækkun á eftirlits- og þjónustugjöldum opinberra aðila og 62% lækkun tekjuskatts fyrirtækja. Tæplega 74% segja mikilvægt fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að lækka fjármagnskostnað fyrirtækja og 51% mikilvægt að bæta aðgengi fyrirtækja að fjármagni.
- Í könnuninni kemur fram að stjórnendur iðnfyrirtækja telja að skilvirkni skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Aðspurðir að því hvað í því sambandi skipti máli að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á segja tæplega 83% að miklu máli skipti að einfalda laga- og reglugerðarumhverfi fyrirtækja, ríflega 73% auka skilvirkni í framkvæmd eftirlits opinberra aðila og 69% að innleiða enn frekar rafræma stjórnsýslu. Þessu til viðbótar segja 47% mikilvægt fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að dregið sé úr samkeppnisrekstri opinberra aðila en ekki nema 17% segja að það skipti litlu máli.

Könnunin var gerð á meðal stjórnenda aðildarfyrirtækja Samtaka iðnaðarins dagana 19.-31. ágúst síðastliðinn. Niðurstöðurnar byggja á svörum 210 stjórnenda.


98% VILJA AÐ NÆSTA RÍKISSTJÓRN LEGGI ÁHERSLU Á STÖÐUGLEIKA

Í könnuninni eru stjórnendur iðnfyrirtækjanna spurðir að því hversu miklu máli stöðugt starfsumhverfi skiptir fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. 77,6% svara mjög miklu og 20,0% nokkuð miklu. 1,9% svara hvorki né og 0,5% svara mjög litlu.


Stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir að því hversu miklu máli skiptir lág verðbólga fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. 64,3% svara mjög miklu og 29,5% nokkuð miklu. 4,8% segja hvorki né og 1,4% mjög litlu. Ljóst er af þessu að miklu máli skiptir að markmið peningsstjórnnunnar um lága verðbólgu náist.

Í könnuninni kemur fram að stöðugt gengi krónunnar er ekki síður mikilvægt fyrir rekstur fyrirtækja en lág verðbólga. Aðspurðir að því hversu miklu máli stöðugt gengi krónunnar skiptir fyrir rekstur þeirra fyrirtækja svara 64,8% mjög miklu, 26,7% nokkuð miklu og 6,2% hvorki né. 2,4% svara litlu.

Hversu miklu máli skiptir stöðugt starfsumhverfi fyrir rekstur þíns fyrirtækis?



Hversu mikla áherslu ætti næsta ríkisstjórn að leggja á stöðugleika í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja?




Viðlíka mynd birtist þegar stjórnendur iðnfyrirtækja eru spurðir að því hversu miklu máli stöðugleiki á vinnumarkaði skiptir fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. 63,3% segja að stöðugleiki á þeim markaði skipti miklu máli og 29,1% að hann skipti nokkuð miklu máli. Þá segja 1,9% að sá stöðugleiki skipti litlu máli.

Stöðugt laga- og reglugerðarumhverfi skiptir einnig umtalsvert miklu máli fyrir rekstur iðnfyrirtækja að mati stjórnendanna. 60,0% segja að það skipti mjög miklu máli og 31,4% nokkuð miklu máli. 7,1% segja hvorki né og 1,5% litlu.

Þegar stjórnendurnir eru spurðir að því hvort stöðugleiki á öðrum sviðum skipti máli segja tæplega 31,0% mjög miklu og 27,1% nokkuð miklu. 29,5% svara hvorki né og 0,5% nokkuð litlu og 1,4% mjög litlu. 10,5% vilja ekki svara. Þegar stjórnendurnir eru spurðir um á hvaða sviðum nefna þeir meðal annars pólitískur stöðugleiki, stöðugleiki í framkvæmdum opinberra aðila, í lóðaframboði, á byggingamarkaði, í framboði vinnuafis, í vöxtum og í stjórnsýslu ásamt almennum fyrirsjáanaleika frá löggjafa og opinberum aðilum. Einnig er meðal svara að mikilvægt sé að hið opinbera geri áætlanir og samninga til lengri tíma og tryggi þannig aukinn stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Þegar stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir að því hversu mikla áherslu næsta ríkisstjórn ætti að leggja á stöðugleika í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. 75,2% svara mjög mikla og 22,9% nokkuð mikla. 1,4% svara hvorki né. Enginn svarar litla. Úr þessu má lesa skýr skilaboð til stjórnvalda um að áherslan verði að vera á stöðugleikann í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Hversu miklu máli skipta eftirfarandi þættir fyrir rekstur þíns fyrirtækis:




Í opinni spurningu um hvað næsta ríkisstjórn eigi að gera til að auka stöðugleika í rekstarumhverfi íslenskra fyrirtækja eru meðal svara að tryggja lága verðbólgu, stöðugt gengi og ró á vinnumarkaði – hafa launahækkningar hóflegar og ekki hækka laun þannig að það fari beint út í verðlagið. Nefnt er á að ríkið eigi ekki að vera leiðandi í launapróun eins og verið hefur undanfarið – almenni markaðurinn eigi að leiða. Þá nefna stjórnendurnir þörfina á að halda stýrivöxtum Seðlabankans lágum og taka litlar breytingar í einu hvað vaxtastigið varðar. Einnig er meðal svara að hið opinbera beiti fjárfestingum sínum til sveiflujöfnunar. Þá er meðal svara að styðja þurfi betur við starfsemi nýsköpunarfyrirtækja og auka þannig fjölbreyttni efnahagslífs hér á landi. Þá kemur skýrt fram í svörum mikilvægi þess að lækka álögur á fyrirtæki um þessar mundir, t.d. með lækkun tryggingagjalds til að vinna á móti slakanum í efnahagslífinu. Meðal svara er einnig að mikilvægt sé að draga úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði – ekki fleiri ríkisstofnanir. Stjórnendurnir nefna einnig að bæta eigi fyrirsjáanleika, kynna vel breytingar og hafa góðan fyrirvara á þeim.

89% VILJA AÐ NÆSTA RÍKISSTJÓRN LÆKKI TRYGGINGAGJALD

Í könnuninni eru stjórnendur iðnfyrirtækja spurðir að því hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þeirra fyrirtækja ef næsta ríkisstjórn leggur áherslu á lækkun skatta og gjalda á næsta kjörtímabili. 56,7% segja að mjög miklu og 31,9% nokkuð miklu máli skipti að hún myndi lækka tryggingagjaldið. 1,9% segja að það skipti mjög litlu máli og 0,5% nokkuð litlu. 8,6% segja hvorki né og 0,5% vilja ekki svara. Ljóst er að tryggingagjaldið er sá þáttur í skatt- og gjaldheimtu ríkisins sem stjórnendur iðnfyrirtækja leggja mesta áherslu á að næsta ríkisstjórn lækki. Tryggingagjaldið er skattur á vinnuafslotkun en með lækkun þess skapast m.a. svigrúm til að lækka launakostnað og fjölga störfum.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þins fyrirtækis ef næsta ríkisstjórn leggur áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:



Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði er annar þáttur í skatta- og gjaldaumhverfi fyrirtækja sem stjórnendur iðnfyrirtækja leggja mikla áherslu á að verði lækkaðir. 44,8% segja mjög miklu máli og 25,8% nokkuð miklu máli skipta að næsta ríkisstjórn lækki þá á næsta kjörtímabili. Skattlagning þessi hefur hækkað verulega á síðustu árum með hækkun á verði atvinnuhúsnæðis og hefur sífellt orðið þyngri baggi fyrir atvinnulífið að bera. 2,4% segja að það skipti nokkuð litlu og 4,8% mjög litlu að næsta ríkisstjórn lækki fasteignaskatta fyrirtækja. 21,9% segja hvorki né.


Varðandi tekjuskatt fyrirtækja segja 29,1% mjög miklu og 32,9% nokkuð miklu máli skipta fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að næsta ríkisstjórn lækki þá. Hvorki né segja 27,1%. Hins vegar segja 6,7% að lækkun þessara skatta skipti mjög litlu máli og 3,8% nokkuð litlu.

Nokkuð lík afstaða er meðal stjórnenda til þess hvort næsta ríkisstjórn eigi að lækka þjónustugjöld annars vegar og eftirlitsgjöld hins vegar. 34,8% segja mjög miklu máli skipta fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að næsta ríkisstjórn lækki eftirlitsgjöld og 33,3% þjónustugjöld. Telja 29,0% nokkuð miklu máli skipta að næsta ríkisstjórn lækki eftirlitsgjöld og 30,0% þjónustugjöld. Milli 25-26% svara þessari spurningu með hvorki né. Nokkuð litlu og mjög litlu svara síðan rétt tæplega 11%.

Varðandi fjármagnskostnað segja 42,4% stjórnenda mjög miklu máli skipta fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að lækka hann og 31,4% að það skipti nokkuð miklu máli. Það er áhugavert, ekki síst í ljósi þess að stýrivextir Seðlabankans eru enn sögulega lágir þó að þeir hafi undanfarið verið hækkaðir nokkuð. Lýsa svör stjórnenda eflaust því að vextir hér á landi eru enn háir í alþjóðlegum samanburði þrátt fyrir að vera sögulega lágir. 15,7% svara þessari spurningu með hvorki né. Hins vegar segja 5,7% að mjög litlu máli skipti og 4,3% að nokkuð litlu máli skipti fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að lækka fjármagnskostnað.


Þegar stjórnendur eru spurðir að því hvort mikilvægt sé fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að bæta aðgengi fyrirtækja að fjármagni segja 26,7% það skipta mjög miklu máli og 24,3% nokkuð miklu máli. 33,3% svara hvorki né. 7,1% segja það skipti nokkuð litlu máli og 7,6% mjög litlu máli.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis ef næsta ríkisstjórn leggur áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:



83% vilja að næsta ríkisstjórn einfaldi laga- og reglugerðarumhverfi. Augljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að afar mikilvægt er að næsta ríkisstjórn beiti sér fyrir því að einfalda laga- og reglugerðarumhverfi fyrirtækja. 49,5% segja það skipta mjög miklu máli fyrir starfsemi þeirra fyrirtækja og 33,3% að það skipti nokkuð miklu máli. 13,8% segja hvorki né. 2,9% segja að það skipti nokkuð litlu máli en enginn mjög litlu.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis ef næsta ríkisstjórn leggur áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:



Einnig er augljóst af niðurstöðum könnunarinnar að stjórnendur iðnfyrirtækja vilja að næsta ríkisstjórn beiti sér fyrir því að auka skilvirkni í framkvæmd eftirlitsaðila og að innleiða þar enn frekar rafræna stjórnsýslu. 36,7% segja mjög miklu máli skipta að auka skilvirkni í framkvæmd eftirlitsaðila og 36,7% að það skipti nokkuð miklu máli. 20% svara því með hvorki né. Ekki nema 3,3% segja að það skipti nokkuð litlu og einnig 3,3% mjög litlu máli. 33,3% segja mjög miklu skipta að innleiða enn frekar rafræna stjórnsýslu og 35,7% að það skipti nokkuð miklu máli. 21,4% svara því með hvorki né. Þá segja 3,3% það skipta mjög litlu og 5,7% nokkuð litlu.

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir að því hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að dregið sé úr samkeppnisrekstri opinberra aðila. 30% segja það skipta mjög miklu máli og 17,1% nokkuð miklu máli. Endurspeglar þetta eflaust það að á nokkrum sviðum iðnaðar er hið opinbera í allt of umfangsmiklum rekstri. 34,8% svara þessari spurningu með hvorki né sem sýnir að það er ekki á öllum sviðum iðnaðar sem hið opinbera er umfangsmikið. 6,7% segja þetta skipta nokkuð litlu og 10,5% að það skipti mjög litlu.

NÆSTA RÍKISSTJÓRN LEGGI ÁHERSLU Á MENNTUN, NÝSKÖPUN, INNVIÐI, ORKU- OG UMHVERFISMÁL

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir í opinni spurningu að því hvaða aðrar aðgerðir þeir vilja að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á til þess að skapa samkeppnishæfara starfsumhverfi fyrir þeirra fyrirtæki en þegar hafa verið nefndar hér að framan. Af svörunum má merkja vilja stjórnenda iðnfyrirtækja fyrir því að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á menntamál, nýsköpunarmál, innviði ásamt orku- og umhverfismálum.

Meðal svara stjórnendanna er t.d. að verja þann árangur sem náðst hefur í nýsköpunarumhverfinu. Til staðar þurfi að vera sterkir hvatar á sviði þróunar og nýsköpunar og það þurfi að auka fyrirsjáanleika í þeim. Umgjörð og hvatar til nýsköpunar þurfi að vera með því besta sem þekkist í heiminum. Einnig nefna stjórnendurnir mikilvægi þess að koma á einu innviðaráðuneyti, endurskoðun byggingarreglugerðar og að stuðla að jöfnu lóðaframboði. Þá er nefnt að faglegri undirbúning vanti við opinber útboð og innkaup. Nokkur fjöldi stjórnenda nefnir að auka eigi samkeppni um rekstur innviða. Innviðir þurfi að vera í góðu ástandi og uppfylla þarfir atvinnulífs og almennings. Einnig er nefnt í svörum stjórnendanna að bæta þurfi aðgengi að iðnmenntun og að gætt sé að því að farið sé að lögum og reglum varðandi löggildingu fagaðila og að tryggt sé að einstaklingar án réttinda geti ekki veitt þá þjónustu sem lögvernduð er. Þá kemur fram að menntakerfið þurfi að leiða saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt. Stjórnendurnir nefna einnig að leggja þurfi áherslu á að íslenskar vörur og fyrirtæki hafi jákvæða ímynd í samanburði við erlenda valkosti og að íslenskur iðnaður sé í fararbroddi í sjálbærni og umhverfismálum.